

KAUPLIÐBEININGAR

# LANDSKRONA

## Sófar

### EININGAR


Skemill  
Hægindastóll  
Legubekkur  
Tveggja sæta sófi  
Þriggja sæta sófi



Úrval áklæða



Ekta leður og  
húðað efni



### Fallegri með hverju árinu

LANDSKRONA sófalínan er fyrir fólk sem vill sófa eða hægindastól með mjúku, fallegu, stungnu leðri og sígildri hönnun. Þar að auki er leðrið bæði mjúkt og endingargott og verður fallegra með hverju árinu sem líður og því meira sem þú situr, liggur eða flatmagar í sófanum eða hægindastólum. Einingarnar eru hagnýtar, fyrirferðarlitlar og það er auðvelt að raða þeim saman. Þess vegna er auðvelt að koma þeim fyrir, hvernig sem heimilið þitt er skipað.


### Mjúkt og endingargott

Slitfletirnir á LANDSKRONA sófalínunni eru úr sérvöldu gæðaleðri sem er meðhöndlað með þunnri, litaðri húð sem verndar það. Aðrir fletir eru úr húðuðu efni sem lítur út og hefur sömu áferð og ekta leður.

Vörur sem sýndar eru hér gætu verið ófánlegar tímabundið í versluninni.  
Vinsamlega hafið samband við starfsfólk okkar eða kíkið á [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is) til að fá meiri upplýsingar.  
Til að fá ítarlegri upplýsingar um vörurnar er hægt að skoða verðmiðann á vörnunni eða vefinn okkar.  
Allar einingar þarf að setja saman.




# SAMSETNINGAR



**Fjölhæfur tungusófi.** Með því að setja saman tveggja sæta sófa og legubekk úr LANDSKRONA sófalínunni getur þú búið til þægilegan sófa sem auðvelt er að koma fyrir í herberginu.

**Þessi samsetning:**

GRANN/BOMSTAD svart/viður	590.318.77*
GRANN/BOMSTAD svart/málmur	490.318.85*
GRANN/BOMSTAD svarbrúnt/viður	890.318.85*
GRANN/BOMSTAD svarbrúnt/málmur	790.318.81*




**Pláss fyrir alla.** Með því að setja saman þriggja sæta sófa og tvo legubekki úr LANDSKRONA sófalínunni færðu rúmgóðan u-laga sófa með mörgum sætum. Og fullt af pláss til að teygja úr þér.

**Þessi samsetning:**

GRANN/BOMSTAD svart/viður	590.462.04*
GRANN/BOMSTAD svart/málmur	190.462.01*
GRANN/BOMSTAD svarbrúnt/viður	290.462.10*
GRANN/BOMSTAD svarbrúnt/málmur	290.462.05*

\* Samsetningarnúmer. Nánari upplýsingar fást í versluninni.

# GOTT AÐ VITA



## LANDSKRONA úr ekta leðri og húðuðu efni

LANDSKRONA leðursófinn er klæddur blöndu af 1,2 mm þykku gæðaleðri, sem við köllum GRANN og er mjúkt en endingargott gegnlitað leður, og BOMSTAD húðuðu efni. Húðað efni lítur út og er viðkomu eins og leður, en kostar mun minna.

Þess vegna notar IKEA oft blöndu af báðum gerðum, þar sem leður er á þeim svæðum sem verða fyrir álagi, eins og sessum og örmum (1), og húðað efni á ytra byrði sófans (2).

## Gæðaleður

Náttúrulegar misfellur á skinninu eru sýnilegar þar sem leðrið er aðeins meðhöndlað með litaðri húð til að vernda það. Leðrið mun fá á sig fallega áferð með tímanum. Það er líka auðvelt umhirðu – ryksugaðu það bara reglulega með mjúkum bursta og berðu á það ABSORB leðurhreinsi til að halda leðrinu mjúku, teygjanlegu og fersku.

## Húðað efni

Húðað efni er með pólýúretanlagi með þunnri verndandi húð sem hægt er að hleypra upp svo það lítur út eins og leður. Það er sterkt og endingargott efni og mjög auðvelt í umhirðu – ryksugaðu það bara með mjúkum burstu og þurrkaðu af með rökum klút.









## Ending

Allar tegundir af leðri og húðuðum efnum hafa verið meðhöndlaðar til að vernda þær og auðvelda umhirðu. Þær hafa líka allar staðist prófanir sem meta styrk, teygjanleika og litfestu, svo þú getir verið viss um að geta notið nýja sófans um ókomin ár.

Allar einingarnar fást í tveimur litum: Svart og dökkbrúnt.

# ALLAR EININGAR

Heildarmál: BreiddxDýptxHæð.

		Stálfætur	Viðarfætur
 <p><b>Hægindastóll</b> 89x89x78 cm</p>	GRANN/BOMSTAD svart	490.317.74*	590.317.78*
	GRANN/BOMSTAD dökkbrúnt	590.317.83*	690.317.87*
 <p><b>Skemill</b> 65x77x44 cm</p>	GRANN/BOMSTAD svart	890.318.09*	090.318.13*
	GRANN/BOMSTAD dökkbrúnt	190.318.17*	390.318.21*
 <p><b>Tveggja sæta sófi</b> 164x89x78 cm</p>	GRANN/BOMSTAD svart	190.317.42*	290.317.46*
	GRANN/BOMSTAD dökkbrúnt	490.317.50*	690.317.54*
 <p><b>Þriggja sæta sófi</b> 204x89x78 cm</p>	GRANN/BOMSTAD svart	590.316.98*	590.317.02*
	GRANN/BOMSTAD dökkbrúnt	090.317.14*	190.317.18*
 <p><b>Tveggja sæta sófi með legubekk</b> 242x89/158x78 cm</p>	GRANN/BOMSTAD svart	490.318.73*	590.318.77*
	GRANN/BOMSTAD dökkbrúnt	790.318.81*	890.318.85*
 <p><b>Þriggja sæta sófi með legubekk</b> 282x89/158x78 cm</p>	GRANN/BOMSTAD svart	290.324.06*	490.324.10*
	GRANN/BOMSTAD dökkbrúnt	690.324.14*	790.324.18*
 <p><b>Þriggja sæta sófi með tveimur legubekkjum</b> 360x89/158x78 cm</p>	GRANN/BOMSTAD svart	190.462.01*	590.462.04*
	GRANN/BOMSTAD dökkbrúnt	290.462.05*	290.462.10*
 <p><b>Legubekkur</b> 78x158x78 cm</p>	GRANN/BOMSTAD svart	191.240.34*	491.240.37*
	GRANN/BOMSTAD dökkbrúnt	091.240.44*	591.240.46*

\* Samsetningarnúmer. Nánari upplýsingar fást í versluninni.

## GOTT AÐ VITA

Legubekkin er hægt að setja bæði hægra eða vinstra megin við aðrar einingar í línunni, eftir því sem þér hentar best. Þú getur valið um tvær gerðir af fótum – úr birki eða málm. Leðurhulsur á fæturnar fylgja með sófanum.

Kíktu á vefinn [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is) til að fá upplýsingar um verð.  
Þú getur leitað eftir vörunúmerum!